

Þriðjudaginn 17. október 1989.

Nr. 93/1988. **Kjartan Ásmundsson**

gegn

**Útgerðarfélagi Akureyringa hf. og
Samvinnutryggingum gt.**

Gagnaöflun. Læknaráð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramenn Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður.

Í málinu liggur fyrir vottorð dr. med. Stefáns Haraldssonar frá 13. nóvember 1979 svo og mat Jónasar Hallgrímssonar læknis 14. desember 1979 á örorku áfrýjanda vegna slyss þess, sem hann varð fyrir 18. desember 1978. Er varanleg örorka þar metin 15%. Einnig liggur fyrir mat Björns Önundarsonar læknis 15. janúar 1980 á örorku áfrýjanda. Er varanleg örorka þar metin 20%.

Þá liggur fyrir vottorð dr. med. Stefáns Haraldssonar frá 13. maí 1982 og örorkumat Björns Önundarsonar læknis 20. september 1982. Er varanleg örorka þar metin 30%.

Loks liggur fyrir álitserð Jóns Guðgeirssonar læknis frá 22. febrúar 1982.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta, þykir rétt með vísan til 1. og 2. mgr. 2. gr., sbr. 4. mgr. 6. gr., laga nr. 14/1942, um læknaráð, að æskja rökstuddrar umsagnar læknaráðs um eftirfarandi:

Fellst læknaráð á einhverja framangreindra matsgerða?

Ef ekki, hvernig ber þá að meta tímabundna og varanlega örorku áfrýjanda vegna slyss þess, sem hann varð fyrir 18. desember 1978?

Á l y k t a r o r ð:

Læknaráð láti í té umsögn samkvæmt framansögðu.